



HAFNARFJÖRÐUR

Minnisblað - 15. janúar 2020

Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun - Lánasjóður sveitarfélaga

Málsnr. 2001274

Lagt er til að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna lántöku samkvæmt fjárhagsáætlun 2020 þar sem gert var ráð fyrir lántöku að fjárhæð 1,130 milljónum króna vegna endurfjármögnunar á erlendu kúluláni á eindaga á árinu.

Jafnframt er veitt heimild að ganga frá skammtímafjármögnun allt að 500 milljónum króna þar til gengið verður frá endanlegri fjármögnun. Skammtímalánið ber 3,50% vexti óverðtryggt og verður greitt upp þegar endanleg fjármögnun hefur náðst.

Nánari útlitun á endanlegri fjármögnun mun liggja fyrir næsta bæjarráði þegar niðurstöður útboðs Lánasjóðs liggja fyrir.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.